

REGLUGERÐ

um innflutningsgjald af bifreiðum og bifhjólum.

1. gr.

Við tollafgreiðslu skal innheimt sérstakt innflutningsgjald af bifreiðum, skv. heimild í 16. gr. laga nr. 4/1960. Gjald þetta skal innheimt af öllum bifreiðum, að undanskildum bifreiðum í eftirtöldum tollskrárnúmerum:

87.02.31 sjúkrabifreiðar og snjóbifreiðar.

87.02.32 snjósleðar.

87.02.38 sjúkrabifreiðar, sem jafnframt eru ætlaðar til sérstakra annarra nota.

87.03.01 slökkviliðsbifreiðar.

87.03.02 snjóplógar.

87.03.09 aðrar bifreiðar til sérstakrar notkunar.

Sams konar gjald skal innheimt af bifhjólum.

2. gr.

Gjaldið af gjaldskyldum bifreiðum er ákveðið 25% af tollverði (cif-verði), sbr. ákvæði II. kafla tollskrárlaga nr. 1/1970. Þó skal einungis innheimta 15% gjald af tollverði dráttar bifreiða í tollskrárnúmeri 87.01.20, almennings bifreiða í tollskrárnúmeri 87.02.20 og vörubifreiða að burðarmagni 6 tonn og þar yfir, í tollskrárnúmerum 87.02.33 og 87.02.34.

Um ákvörðun tollverðs notaðra bifreiða skal í þessu sambandi farið eftir auglýsingu nr. 205/1972 um tollverð notaðra bifreiða.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 16. gr. sbr. 35. gr. laga nr. 4/1960 um efnahagsmál, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi fallin reglugerð nr. 69/1972, og reglugerð nr. 104/1972 um breyting á þeirri reglugerð.

Fjármálaráðuneytið, 4. september 1973.

F. h. r.

Jón Sigurðsson.

Þorsteinn Ólafsson.